

2349. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands (aukafundur) var haldinn föstudaginn 31. júlí 2026 og hófst kl. 08:30. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fyrirætlanir FIFA um fjárfestingu utanaðkomandi aðila í mótum á vegum FIFA.
 - a. Formaður fór yfir forsögu atburða vikunnar varðandi fyrirætlanir FIFA um fjárfestingu utanaðkomandi aðila í mótum á vegum FIFA í gegnum nýtt félag sem myndi halda utan um viðskiptaleg réttindi FIFA sérstaklega (FIFA Forward Enterprise). Þá fór formaður jafnframt yfir það sem fram fór á rúmlega tveggja klukkustunda fundi UEFA um málið með aðildarlöndum, sem haldinn var á fimmtudag. Þorvaldur Örlygsson formaður og Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sátu fund UEFA fyrir hönd KSÍ. Fundurinn einkenndist af fordæmalausri samstöðu innan UEFA um að hafna áformum FIFA um að selja hlut í viðskiptalegum réttindum HM til einkafjárfesta, með áherslu á að verja sjálfstæði knattspyrnunnar, tryggja góða stjórnarhætti og koma í veg fyrir hættulegt fordæmi til framtíðar.
 - b. Allir stjórnarmenn KSÍ tóku til máls, ræddu málið og stjórnarhætti FIFA, og lögðu fram ýmsar spurningar og voru Þorvaldur og Eysteinn til svara. *Samstaða og einhugur var á meðal stjórnarmanna KSÍ um gagnrýni á stjórnarhætti FIFA í þessu máli og um aðgerðir UEFA.*

Fundi slitið kl. 09:20.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundur stjórnar er 13. ágúst.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson